# Sunnudagur 9. apríl



## SJÓNVARPIÐ

17.00 **Richard Clayderman á tónleikum.** Franski píanóleikarinn Richard Clayderman leikur nokkur vinsæl lög á tónleikum í konunglega leikhúsinu í Lundúnum.
17.50 **Sunnudagshugvekja.** Auðunn Bragi Sveinsson flytur.
18.00 **Stundin okkar.** Umsjón Helga Steffensen.
18.25 **Tusku-Tóta og Tumi.** (Raggedy Ann and Andy). Bandarískur teiknimyndaflokkur. Leikraddir Árný Jóhannesdóttir og Halldór N. Lárusson. Þýðandi Þorsteinn Þórhallsson.
18.50 **Táknmálsfréttir.**
19.00 **Roseanne.** (Roseanne). Bandarískur gamanmyndaflokkur. Þýðandi Þrándur Thoroddsen.
19.30 **Kastljós á sunnudegi.** Fréttir og fréttaskýringar.
20.35 **Matador (22).** (Matador). Danskur framhaldsmyndaflokkur í 24 þáttum. Þýðandi Veturliði Guðnason.
21.35 **Ugluspegill.** Umsjón Helga Thorberg.
22.15 **Bergmál.** (Echoes). Fyrsti þáttur. Breskur myndaflokkur í fjórum þáttum, byggður á sögu Maeve Binchy. Clare O'Brien er ung stúlka sem býr í írsku sjávarþorpi. Hún er látin vinna í fyrirtæki föður síns þrátt fyrir að hún kjósi frekar að sinna náminu. Hún er þó staðráðin í að komast burt úr heimabæ sínum og í háskóla. Þýðandi Jóhanna Þráinsdóttir.
23.10 **Úr ljóðabókinni.** Upp skaltu á kjöl klífa eftir Þóri Jökul. Skúli Gautason les og Sveinn Yngvi Egilsson flytur formálsorð. Dagskrárgerð Jón Egill Bergþórsson.
23.20 **Útvarpsfréttir í dagskrárlok.**

## STÖÐ 2

8.00 **Kóngulóarmaðurinn.** New Adventures of Spiderman. Spennandi teiknimynd um Kóngulóarmanninn og vini hans sem alltaf eru að lenda í nýjum og spennandi ævintýrum.
8.20 **Högni hrekkvísi.** Teiknimynd.
8.45 **Alli og íkornarnir.** Teiknimynd.
9.10 **Smygl.** Breskur framhaldsmyndaflokkur í þrettán þáttum fyrir börn og unglinga. 2. hluti.
9.40 **Denni dæmalausi.** Dennis the Menace. Bráðfjörug teiknimynd. Þýðandi: Bergdís Ellertsdóttir. Leikraddir: Árni Pétur Guðjónsson, Guðrún Þórðardóttir, Randver Þorláksson og Sólveig Pálsdóttir.
10.05 **Perla** Jem. Teiknimynd. Þýðandi: Björgvin Þórisson.
10.30 **Lafði Lokkaprúð.** Lady Lovely Locks. Falleg teiknimynd. Leikraddir: Guðrún Þórðardóttir, Júlíus Brjánsson og Saga Jónsdóttir. Þýðandi: Magnea Matthíasdóttir.
10.45 **Þrumukettir** Thundercats. Teiknimynd. Þýðandi: Ágústa Axelsdóttir.
11.10 **Rebbi, það er ég.** Teiknimynd með íslensku tali.
11.40 **Fjölskyldusögur.** Leikin barna- og unglingamynd.
12.30 **Dægradvöl.** Þáttaröð um frægt fólk með spennandi áhugamál. Þýðandi: Sævar Hilbertsson.
13.05 **Menning og listir.** Katherine Mansfield. Katherine Mansfield var bresk að uppruna en fædd á Nýja Sjálandi. Þrátt fyrir stutta ævidaga var líf hennar viðburðaríkt. Leikstjóri: Julienne Stretton. Framleiðandi: Sue Kedgley.
14.00 **Ike.** Fyrsti hluti bandarískrar sjónvarpsmyndar í þrem hlutum. Dwight David Eisenhower, fyrrum forseti Bandaríkjanna, var yfirmaður herafla bandamanna í seinni heimsstyrjöldinni. Aðalhlutverk: Robert Duvall, Boris Sagal og Lee Remick. Leikstjóri: Melville Shavelson. Framleiðandi: Lousi Rudolph. Sýningartími 95 mín. Annar hluti er á dagskrá næstkomandi laugardag.
15.35 **Undur alheimsins.** Nova. Árið 1987, nánar tiltekið þann 23. febrúar, varð stjörnufræðingurinn Ian Shelton vitni að merkisviðburði úti í geimnum. Þýðandi: Ásgeir Ingólfsson.
16.35 **A la carte.** Endurtekinn þáttur þar sem við fylgjumst með því hvernig matbúa má pasta salat með camembert osti og svínarif með barbequesósu og eggjapasta. Umsjón: Skúli Hansen. Dagskrárgerð: Óli Örn Andreasen.
17.05 **Golf.** Sýnt verður frá glæsilegum erlendum stórmótum.
18.10 **NBA körfuboltinn.** Nokkrir af bestu íþróttamönnum heims fara á kostum. Umsjón: Heimir Karlsson.
19.19 **19:19.** Fréttir, íþróttir, veður og frískleg umfjöllun um málefni líðandi stundar.
20.30 **Helgarspjall.** Þórunn Sigurðardóttir leikstjóri, María Sigurðardóttir leikkona, Jónína Leósdóttir ritstjóri og Sieglinde Kahmann óperusöngkona spjalla við Jón Óttar í sjónvarpssal að þessu sinni. Viðhorf til kvenna. Umsjónarmaður: Jón Óttar Ragnarsson. Dagskrárgerð: María Maríusdóttir.
21.20 **Geimálfurinn.** Alf. Litli loðni stríðnispúkinn á hug og hjarta fjölskyldunnar.
21.45 **Áfangar.** Sérstæðir og vandaðir þættir þar sem brugðið er upp svipmyndum af ýmsum stöðum á landinu sem merkir eru fyrir náttúrufegurð eða sögu en ekki eru alltaf í alfaraleið. Umsjón: Björn G. Björnsson.
21.55 **Lagakrókar** L.A. Law. Líf og störf lögfræðinga er ekki alltaf dans á rósum.
22.45 **Alfred Hitchcock.** Stuttir sakamálaþættir sem gerðir eru í anda þessa meistara hrollvekjunnar. Þýðandi: Pálmi Jóhannesson.
23.10 **Sjálfskaparvítið.** Dante's Inferno. Sígilda sagan um örlög fégráðugs manns er hér sögð með stórstjörnum í aðalhiutverkum og mögnuðum myndum úr víti. Aðalhlutverk: Spencer Tracy, Claire Trevor, Henry B. Walthall og Rita Hayworth. Leikstjóri: Harry Lachmann. Framleiðandi: Sol M. Wurtzel. Þýðandi: Páll Heiðar Jónsson. Sýningartími 85 mín. s/h. Alls ekki við hæfi barna. Lokasýning.
00.35 **Dagskrárlok.**

## Rás I FM 92,4/93,5

7.45 **Útvarp Reykjavík,** góðan dag.
7.50 **Morgunandakt.** Séra Sváfnir Sveinbjarnarson, prófastur á Breiðabólsstað, flytur ritningarorð og bæn.
8.00 **Fréttir.**
8.15 **Veðurfregnir.** Dagskrá.
8.30 **Á sunnudagsmorgni með Guðrúnu Pétursdóttur.** Bernharður Guðmundsson ræðir við hana um guðspjall dagsins. Jóh. 10, 11–16.
9.00 **Fréttir.**
9.03 **Tónlist á sunnudagsmorgni.** - Dívertímentó í G-dúr eftir Michael Haydn. Félagar í Vínaroktettinum leika. Sellókonsert í G-dúr eftir Nicola Porpora. Thomas Blees leikur með Kammersveitinni í Pforzheim; Paul Angerer stjórnar. Sinfónía nr. 44 í e-moll eftir Joseph Haydn. Fílharmóníusveit Slóvakíu leikur; Carlo Zecchi stjórnar. (Af hljómplötum.)
10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
10.10 **Veðurfregnir.**
10.25 **Skrafað um meistara Þórberg.** Þættir í tilefni af aldarafmæli hans á þessu ári. Umsjón: Árni Sigurjónsson.
11.00 **Messa í Langholtskirkju.** Prestur: Séra Sigurður Haukur Guðjónsson.
12.10 **Dagskrá.**
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar. Tónlist.
13.30 **Baróninn á Hvítárvöllum.** Fyrri hluti. Klemenz Jónsson bjó til flutnings í útvarp og stjórnaði jafnframt upptöku. Upptöku annaðist Hreinn Valdimarsson. Flytjendur: Herdís Þorvaldsdóttir, Hjörtur Pálsson, Róbert Arnfinnsson og Þorsteinn Gunnarsson. Kynnir: Óskar Ingimarsson.
14.30 **Með sunnudagskaffinu.** Sígild tónlist af léttara taginu. Franz von Suppé, Emmerich Kalmann, Robert Stolz, Josef Hellmersberger, Herbert HÚster og Carl Millöcker.
15.10 **Spjall á vordegi.** Umsjón: Ragnheiður Gyða Jónsdóttir.
16.00 **Fréttir.** Tilkynningar. Dagskrá.
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Barnaútvarpið** – „Kaupmaðurinn í Feneyjum" eftir William Shakespeare í endursögn Charles og Mary Lamb. Kári Halldór Þórsson les þýðingu Láru Pétursdóttur.
17.00 **Tónleikar á vegum Evrópubandalags útvarpsstöðva.**
18.00 **„Eins og gerst hafi í gær".** Viðtalsþáttur í umsjá Ragnheiðar Davíðsdóttur. (Einnig útvarpað morguninn eftir kl. 10.30.) Tónlist. Tilkynningar.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.31 **Leikandi létt.** Ólafur Gaukur rabbar um þekkt tónlistarfólk og spilar plötur. Í þetta sinn Cole Porter.
20.00 **Sunnudagsstund barnanna.** Umsjón: Kristjana Bergsdóttir. (Frá Egilsstöðum.)
20.30 **Íslensk tónlist.**
21.10 **Ekki er allt sem sýnist** – þættir um náttúruna. Fjórði þáttur: Auðlindin. Umsjón: Bjarni Guðleifsson. (Frá Akureyri.)
21.30 **Útvarpssagan:** „Heiðaharmur" eftir Gunnar Gunnarsson. Andrés Björnsson les (12.)
22.00 **Fréttir.** Dagskrá morgundagsins. Orð kvöldsins.
22.15 **Veðurfregnir.**
22.20 **Harmoníkuþáttur.** Umsjón: Bjarni Marteinsson.
23.00 **Rakarinn Fígaró og höfundur hans.** Um franska rithöfundinn og ævintýramanninn Beaumarchais og leikrit hans „Rakarinn frá Sevilla" og „Brúðkaup Fígarós". Síðari hluti. Umsjón: Hrafnhildur Jónsdóttir.
24.00 **Fréttir.**
0.10 **Ómur að utan.** W.H. Auden les eigin ljóð. Umsjón: Signý Pálsdóttir.
1.00 **Veðurfregnir.** Næturútvarp á samtengdum rásum til morguns.

## Rás 2 FM 90,1

3.05 **Vökulögin.**
9.03 **Sunnudagsmorgunn með Svavari Gests.** Sígild dægurlög, fróðleiksmolar, spurningaleikir og leitað fanga í segulbandasafni Útvarpsins.
11.00 **Úrval vikunnar.** Úrval úr dægurmálaútvarpi vikunnar á Rás 2.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Spilakassinn.** Pétur Grétarsson spjallar við hlustendur sem freista gæfunnar í Spilakassa Rásar 2.
15.00 **Vinsældalisti Rásar 2.** Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir kynnir tíu vinsælustu lögin. (Endurtekinn frá föstudagskvöldi.)
16.05 **125.** Tónlistarkrossgátan. Jón Gröndal leggur gátuna fyrir hlustendur.
17.00 **Tengja.** Kristján Sigurjónsson tengir saman lög úr ýmsum áttum. (Frá Akureyri.)
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.31 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenkum flytjendum.
20.30 **Útvarp unga fólksins.** Fermingarþankar. Við hljóðnemann er Vernharður Linnet.
21.30 **Kvöldtónar.**
22.07 **Á elleftu stundu.** Anna Björk Birgisdóttir í helgarlok.
1.10 **Vökulögin.** Tónlist af ýmsu tagi í næturútvarpi til morguns. Sagðar fréttir af veðri, færð og flugsamgöngum kl. 5.00 og 6.00. Veðurfregnir frá Veðurstofu kl. 1.00 og 4.30. Fréttir kl. 2.00, 4.00, 8.00, 9.00, 10.00, 12.20, 16.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

## Stjarnan FM 102,2 & 104

7.00 **Samtengdar rásir Bylgjunnar og Stjörnunnar.** Umsjón Páll Þorsteinsson og Þorgeir Ástvaldsson.
10.00 **Jón Axel Ólafsson.**
14.00 **Gunnlaugur Helgason.**
19.00 **Samtengdar rásir Bylgjunnar og Stjörnunnar.**
20.00 **Sigursteinn Másson.** Óskalagaþáttur unga fólksins. S. 681900.
24.00 **Næturstjörnur.** Ókynnt tónlist úr ýmsum áttum.

## Hljóðbylgjan

Reykjavík FM 95,7
Akureyri FM 101,8

9.00 **Haukur Guðjónsson,** hress og kátur á sunnudagsmorgni.
12.00 **Ókynnt hádegistónlist.**
13.00 **Pétur Guðjónsson** sér um að hafa góða skapið í lagi á sunnudegi.
16.00 **Hafdís Eygló Jónsdóttir** spilar og spjallar.
19.00 **Ókynnt kvöldmatartónlist.**
20.00 **Íslenskir tónar.** Kjartan Pálmarsson leikur öll bestu íslensku lögin, lögin fyrir þig.
23.00 **Þráinn Brjánsson,** kveldúlfurinn mikli, spilar tónlist sem á vel við á kvöldi sem slíku.
1.00 **Dagskrárlok.**

## Rót Útvarp FM 106,8

10.00 **Sígildur sunnudagur.** Leikin klassísk tónlist.
12.00 **Jass & blús.**
13.00 **Prógramm.** Tónlistarþáttur í umsjá Sigurðar Ívarssonar. Nýtt rokk úr öllum heimsálfum.
15.00 **Elds er þörf.** Vinstri sósíalistar. E.
16.00 **Kvennaútvarpið.** Ýmis kvennasamtök.
17.00 **Á mannlegu nótunum.** Umsjón: Flokkur mannsins.
18.00 **Frá verkfallsvakt BHMR.** Þessi þáttur verður meðan verkfallið stendur.
18.30 **Mormónar.** E.
19.00 **Sunnudagur til sælu.** Umsjón: Gunnlaugur, Þór og Ingó.
20.00 **Fés.** Unglingaþáttur.
21.00 **Múrverk.** Tónlistarþáttur í umsjá Kristjáns Freys.
22.30 **Nýi tíminn.** Umsjón: Bahá'ísamfélagið á Íslandi.
23.00 **Kvöldtónar.** Tónlist á rólegu nótunum.
23.30 **Rótardraugar.**
24.00 **Næturvakt** Meðal efnis: Kl. 2.00 Poppmessa í G-dúr. E.

## Útrás FM 104,8

12.00 **FÁ.**
14.00 **MR.**
16.00 **MK.**
18.00 **FG.**
20.00 **Útvarpsráð Útrásar.**
22.00 **Neðanjarðargöngin, óháður vinsældalisti á FM 104,8.**
01.00 **Dagskrárlok.**

## Alfa FM-102,9

14.00 **Orð Guðs til þín.** Þáttur frá Orði lífsins – endurtekið frá þriðjudegi.
15.00 **Alfa með erindi til þín:** Guð er hér og vill finna þig. Blessunarrík tónlist spiluð.
21.00 **Orð Guðs til þín.** Þáttur frá Orði lífsins – endurtekið frá fimmtudegi.
22.00 **Alfa með erindi til þín.** Frh.
24.00 **Dagskrárlok.**




Passið ykkur á myrkrinu!

UMFERÐAR RÁÐ




**Klemenz Jónsson leikstjóri leikstýrði útvarpsþáttum um baróninn á Hvítárvöllum.**

### Rás 1 kl. 13.30:

# Baróninn á Hvítárvöllum

Þann 27. desember árið 1901 fannst maður látinn í járnbrautarlest á leið frá London til Parísar. Ljóst var að hann hafði framið sjálfsmorð. Í fórum hans var fátt eitt að finna fyrir utan eitt penný. Síðar voru kennsl borin á hinn látna og reyndist hann vera Charles Gauldréc Boilleau barón, eða baróninn á Hvítárvöllum.

Baróninn á Hvítárvöllum var hinn mesti ævintýramaður. Hann flutti hingað til lands árið 1898 og er fyrsti og eini baróninn sem lifað hefur á Íslandi. Hann keypti m.a. Hvítárvelli í Borgarfirði og hóf þar stórbúskap. Hann var athafnamaður mikill og kom til að mynda á fót fyrsta mjólkurbúi landsins. Þá byggði hann stórt og mikið fjós í Reykjavík þar sem nú heitir Barónsstígur og dregur gatan nafn sitt af honum.

En það var nú svo með baróninn á Hvítárvöllum að honum gekk ekki sem skyldi. Hann varð að selja mjólkurbúið og reyndi fyrir sér í togaraútgerð. Fór hann utan til að afla fjár fyrir hlutafélag um kaup á fjórtán togurum. En úr því varð ekki því í lest á leið til Parísar svipti hann sig lífi.

Klemenz Jónsson leikstjóri undirbjó til flutnings í útvarpi tvo þætti um baróninn á Hvítárvöllum sem fluttir verða í dag og næsta sunnudag. Þættirnir, sem eru bæði leiknir og lesnir, eru náma þjóðlegs fróðleiks um þennan merka mann.

Klemenz sér sjálfur um leikstjórn en sögumaður er Hjörtur Pálsson. Auk hans koma Róbert Arnfinnsson, sem leikur baróninn, Þorsteinn Gunnarsson og Herdís Þorvaldsdóttir fram í þáttunum.

-StB

### Stöð 2 kl. 15.35:

# Undur alheimsins

Í fræðsluþættinum Undur alheimsins verður fjallað um stjörnusprengingu sem átti sér stað í febrúarmánuði árið 1987. Forsaga þessa einstaka atburðar og áhrif sprengingarinnar verða rakin í þættinum.

Kanadískur stjörnufræðingur að nafni Ian Shelton varð vitni að stjörnusprengingunni þegar hann var við vinnu sína á fjallstoppi í Chile. Slíkir atburðir eru afar fátíðir og má til að mynda nefna að sprengistjarna hefur ekki sést vel frá jörðu í 400 ár. Því gripu stjörnufræðingar hvaðanæva að úr heiminum tækifærið og tóku þátt í könnunum og rannsóknum í kjölfar atburðarins.

Kvikmyndatökumenn fóru strax til Chile, þar sem Shelton varð vitni að sprengingunni, Japans, Nýja-Sjálands, Bandaríkjanna og Ástralíu og festu á filmu eitt af undrum veraldar. Íslenskir sjónvarpsáhorfendur fá nú að njóta afraksturs þeirrar ferðar.

-StB

### Stöð 2 kl. 21.55:

# Lagakrókar

Nú eru að hefjast að nýju sýningar á hinum vinsæla framhaldsþætti Lagakrókum (L.A. Law). Eins og fyrr fylgjumst við með lífinu á stórri lögfræðiskrifstofu í Los Angeles þar sem lögfræðingarnir fást við atvinnuvandamál sem og persónuleg vandamál.

Þættir þessir eru framleiddir af Steven Bochco sem virðist einstaklega fundvís á hvað almenningur vill sjá. Áður en hann hóf gerð þáttanna um lögfræðingana framleiddi hann hina vinsælu Hill Street Blues.



**Einn lögfræðinginn í Lagakrókum leikur Harry Hamlin. Hann leikur þann lögfræðing sem á erfiðast með að svíkja samvisku sína.**

Í Lagakrókum er engin ein aðalpersóna frekar en í Hill Street Blues. Allir fá nokkurn veginn jafnmikið pláss. Aðalleikararnir voru flestir nokkuð þekktir áður en þeir hófu störf sem lögfræðingar. Þættirnir hafa gert þessa leikara óhemju vinsæla og eru þeir oft á milli tannanna á slúðurdálkahöfundum vestan hafs.

-HK